

Sérsýningar Þjóðminjasafns Íslands

Sýningastefna 2010-2015

Þjóðminjasafn Íslands vill með sérsýningum sínum kynna menningararfinn og safnkostinn og miðla upplýsingum um nýjustu rannsóknir á sviði minjavörslu. Safnið vill stuðla að umræðu um menningu og mannúð í víðum skilningi, leitast við að koma til móts við þarfir mismunandi markhópa og stuðla að víðsýni. Áhersla skal lögð á fjölbreyttar sýningar sem varpi ljósi á mismunandi hliðar sögu okkar og menningar fyrr og nú. Markmið sýninganna er einnig að dýpka miðlun safnsins og skapa nýja þekkingu, sem skili sér í útgáfu og miðlun í grunnsýningu.

Sérsýningar safnsins eiga að miða að því að opna umræðu um ýmis málefni, hvort sem það er gert með því að varpa nýju og óvæntu ljósi á tengsl menningararfsins við málefni líðandi stundar eða vekja athygli á þýðingarmiklum rannsóknum á menningararfinum.

Sérsýningar geta einnig verið farandsýningar erlendis frá, en tilgangur þeirra og tengsl þeirra við Þjóðminjasafnið skulu ætíð vera augljós og gildir það sama um allar sýningar safnsins.

Sérsýningar í safnhúsinu við Suðurgötu:

1. **Bogasalur:** að jafnaði tvær sýningar á ári.

Þetta geta verið sýningar á safnkostinum, munum og/eða myndum, eða sýningar sem byggjast á rannsóknum á þjóðminjum. Allar skulu þær þó eiga það sameiginlegt að spegla menningararfinn í víðum skilningi og hafa sterka tengingu við safnið og hlutverk þess.

2. **Myndasalur / Veggur:** að jafnaði tvær til fjórar ljósmyndasýningar á ári.

Þetta geta verið verk innlendra eða erlendra ljósmyndara, núlifandi eða látinna, þemasýningar, greiningarsýningar, lánssýningar erlendis frá o.fl. Sérstök áhersla skal lögð á ljósmyndasýningar en reglulega verði einnig boðið upp á annars konar sýningar og viðburði í salnum. Sýningarnar skulu hafa ljósa tengingu við menningararfinn, Þjóðminjasafnið og/eða safnkost þess.

3. **Hornið:** að jafnaði tvær sýningar á ári.

Þetta geta verið sýningar á niðurstöðum rannsókna á vegum safnsins, aðfangasýningar, ítarsýningar tengdar sýningu í Bogasal, sýningar á völdum gripum úr safnkostinum eða sýningar á rannsóknarniðurstöðum sjálfstætt starfandi fræðimanna. Þegar umfjöllunarefni sýningarinnar gefur kost á slíku, getur safnið boðið upp á ítarlegri fræðilega nálgun í þessu rými en almennt tíðkast í sýningargerð m.t.t. aðgengis fyrir alla. Þar með væri hægt að koma betur til móts við væntingar háskóla- og fræðasamfélagsins.

4. Torgið / Anddyri: a.m.k. fjórar sýningar á ári.

Þetta geta verið vörukynningar í tengslum við safnbúð, kynning á verkum einstakra handverksmanna/-kvenna (list og hönnun), sýningar í tengslum við viðburði (jól, Hönnunarmars, List án landamæra, menningarnótt), bókakynningar o.s.frv. Þarna er skipt ört um sýningar og undirbúningstíminn oftast lítill. Miðlunarsvið velur þessar sýningar í samráði við safnbúð og sér um uppsetningu þeirra og ekki er fjallað um þær í sýninganefnd. Með þessum litlu og tiltölulega ódýru sýningum er hægt að vekja athygli á ýmsum dægurmálum og skapa umræðu.

Markhópar Þjóðminjasafns Íslands:

Stefnt skal að góðu aðgengi fyrir alla jafnt á grunnsýningu sem sérsýningum Þjóðminjasafnsins. Við gerð sérsýninga ber sýningarhóp að skilgreina markhóp eða markhópa sýningarinnar og skipuleggja fræðslu og kynningu sérstaklega með tilliti til hans/þeirra. Í sérsýningum skal leitast við að höfða til mismunandi markhópa hverju sinni með ólíkum áherslum.

Helstu markhópar Þjóðminjasafnsins eru eftirfarandi:

I. Íslendingar:

- almennir safngestir (börn og fullorðnir)
- leikskólabörn
- grunnskólabörn
- framhaldsskólanemar
- háskólanemar
- fræðimenn
- ráðstefnu- og fundargestir
- fjölskyldur
- eldri borgarar
- innflytjendur (börn og fullorðnir)
- hópar með ýmsar sérþarfir. s.s. hreyfihamlaðir, þroskahamlaðir, sjón- eða heyrnarskertir

II. Erlendir gestir

- Ferðamenn (börn og fullorðnir)
- ráðstefnu- og fundargestir

- fræðimenn
- fólk með sérþarfir

Sýninganefnd:

Sýningarnefnd Þjóðminjasafnsins, undir forystu sviðsstjóra miðlunarsviðs, gerir tillögur um sýningaráætlun safnsins 3 ár fram í tímann fyrir Bogasal, 1 ár fyrir Myndasal, Vegg og Hornið og leggur fyrir þjóðminjavörð til samþykktar. Sýningastjóri er ritari nefndarinnar og heldur utan um samþykktu sýningaráætlun og sér til þess að hún sé aðgengileg starfsmönnum.

Sérhver starfsmaður hefur tillögurétt um sérsýningarefni en einnig er tekið á móti tillögum frá aðilum utan safns, svo framarlega sem þær samrýmast sýningastefnu safnsins. Erindi um sýningarhugmynd skal sent sýningastjóra sem leggur hugmyndina fyrir sýninganefnd. Hugmyndina þarf að skilgreina svo að hún rími við viðleitni safnsins til að tryggja að sýningar verði ekki of keimlíkar. Í erindinu skal skilgreint viðfangsefni sýningarinnar, taldar upp þær spurningar sem hugsanleg rannsókn þarf að fjalla um, tekið fram hvaða gripi eða gripaflokka sé fyrirhugað að sýna ásamt hugmyndum höfundar um markhópa og mögulega samstarfsaðila.